

EFTIRLITSSKÝRSLA

Bolungarvíkurkaupstaður urðunarstaður að Hóli



Dags eftirlits	9.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Bolungarvíkurkaupstaður	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Aðalstræti 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480774-0279	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Finnbogi Bjarnason	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	307786,784 635095,624

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlit og varða móttöku viðarúrgangs án heimildar sem og óæskilegrar uppsöfnunar og ófullnægjandi frágangs á þeim úrgangi, skráningar eru í ósamræmi við starfsleyfi, ekki er staðið að árlegum mælingum vegna grunnvatnshæðar og var ársfirliti ekki skilað inn innan tilskilins tímafrests til eftirlitsaðila. Úrbætur hafa ekki gengið upp á eldri frávikum. Engar ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Bolungarvíkurkaupstaðar að Hólum í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið gildir fyrir heimild til móttöku og meðhöndlun úrgangs, og miðast móttökuheimild við 500 t af úrgangi á ári og þar af skiptist heimild fyrir urðun á meðhöndluðum óvirkum úrgangi og heimild til a taka á móti viðar- og garðaúrgangi til jarðgerðar. Starfsleyfið var gefið út þann 20.08.2019 og er gildistími þess til 20.08.2035

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð á urðunarstað

Útstandandi frávik eru til staðar og hafa ekki verið leyst og ljóst að úrbætur hafa ekki gengið eftir eins og lagt hefur verið fram í úrbótaáætlun frá rekstraraðila sem barst stofnuninni þann 10. mars 2023. Varða frávikin m.a. móttöku á viðarúrgangi þrátt fyrir að ekki fari fram nein jarðgerð á staðnum. Niðurstöðum skráninga var ekki skilað innan tilskilins tíma og voru einnig skráningar ófullnægjandi, ásamt því að enginn almennur frágangur á sér stað á þeim úrgangi sem berst inn á urðunarstað.

Var búið að uppfæra girðingar umhverfis urðunarstaðinn og setja upp aðkomuhlið. Samkvæmt rekstraraðila er rekstur urðunarstað sveitarfélagsins í höndum verktaka sem tekur gjald fyrir móttöku úrgangs sem berst inn á staðinn.

Samkvæmt skráningum í gagnagátt sem skilað var inn þann 29. maí 2024 til Umhverfisstofnunar var tekið á móti 174,8 t af úrgangi á urðunarstaðnum og af því tilheyri 74,2 t óvirkum úrgangi, 48,0 t garðaúrgangi og 52,6 t viðarúrgangi. Í skráningum eru tveir síðustu úrgangsflokkarnir skráð sem notuð sem fyllingarefni og í endurnýtingu. Athugasemdir eru lagðar fram vegna skráningana þar sem ekki má nota timbur í fyllingar, ef timbur er ekki jarðgert þá telst það sem urðun ef það er nýtt inn á urðunarstað. Ráðstöfun á timburúrgangi getur eingöngu talist endurnýting ef um jarðgerð er að ræða þar sem úr verður afurð þ.e. molta. Önnur ráðstöfun á timbri er óheimil inn á urðunarstað.

Ársfirliti vegna ársins 2023 sbr. gr. 4.1 sem skila ber fyrir 1. maí ár hvert var ekki skilað á árinu. Inn í þeim eiga m.a. niðurstöður vöktunar að koma fram. Synataka fór síðast fram í janúar 2023 en samkvæmt vöktunaráætlun í starfsleyfi ber að mæla samsetningu grunnvatns í þremur brunnum umhverfis urðunarstaðinn annað hvert ár. Mæla skal hæð grunnvatnsborðs tvisvar sinnum á hverju ári. Gæta skal að því að tekið er fram hvenær sýnatökur eigi að fara fram og eiga mælingar ekki að fara fram seinna en í október vegna samsetningu grunnvatns, og miðað er við að hæð sé vöktuð fyrir 1. maí og 1. október hvert ár. Ber rekstraraðila að fylgjast með um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem geta komið í ljós við vöktun sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi.

Farið var yfir vöktunarmælingar á samsetningu grunnvatns sem mældar eru annað hvert ár og eru mestar sveiflur sjáanlegar í mælingum í ammóníum. Niðurstöður á mælingum blýs sína sveiflukenndar niðurstöður milli brunna. Ef niðurstöður þeirra mælinga eru bornar saman við umhverfisgæðakröfur fyrir yfirborðsvatn í landi út frá fylgiskjali í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, og lista III í viðauka þeirrar reglugerðar er sjáanlegt að gildin sýna hærri niðurstöður miðað við umhverfisgæðakröfur fyrir tiltekin mengunarefni bæði í brunni fyrir ofan urðunarstaðinn og

fyrir neðan. Ekki er fyrir séð hvernig hefðbundin bakgrunnsgildi eru dæmigerð fyrir grunnvatnið umhverfis urðunarstaðinn eða hver áhrif byggðar eru á mælingarnar og því ótækt að byggja frekari ályktanir út frá þeim mælingum. Mælt er með því að rekstraraðili fylgist vel með mælingum milli ára.

Farið var í skoðunarferð um urðunarstaðinn. Ástand urðunarstaðar er ekki ásættanlegt, hefur safnast upp all mikill timburhaugur inn á urðunarstaðnum, ásamt því er ófrágenginn óvirkur úrgangur og ljóst að ekki er farið eftir verklagi í starfsleyfi. Inn á milli bar fyrir úrgangi sem ekki flokkast sem óvirkur úrgangur, ásamt því hefur mikið af úrgangi fokið til og dreifst víða.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

grein 1.2 í starfsleyfi:	Árið 2023 var tekið við 52,6 t af viðarúrgangi inn á urðunarstað. Ekki er heimild fyrir móttöku á viðarúrgangi nema til jarðgerðar. Engin jarðgerð fer fram inn á urðunarstað.
grein 4.1. í starfsleyfi:	Rekstraraðili tekur ekki saman skráningar í samræmi við starfsleyfi. Taka þarf saman skráningar á öllum þeim þáttum sem koma fram undir eftirfarandi grein. Skila ber þeim árlega til eftirlitsaðila sbr. gr. 4.4. í starfsleyfi.
grein 4.2 í starfsleyfi:	Ekki hafa verið framkvæmdar mælingar á hæð grunnvatnsborðs árlega í samræmi við starfsleyfi. Samsetning grunnvatns er mæld annað hvert ár, var síðasta mæling gerð árið 2023 (gæta skal að mælingar séu framkvæmdar í takti við þær tímaáætlanir sem koma fram í starfsleyfi).
grein 4.4 í starfsleyfi:	Árlega skal skila til Umhverfisstofnunar skýrslugjöf með niðurstöðum skráninga í samræmi við gr. 4.1 í starfsleyfi. Engu ársyfirliti var skilað til eftirlitsaðila. Skilafrestur var 1. maí sl. vegna skráninga ársins 2023.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir
Halla Margrét Viðarsdóttir